

Fundargerð 65. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 28. janúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir, Gauti Jóhannesson og Njáll Ragnarsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU

Lögð fram lokaskýrsla KPMG um greiningu á gjaldtöku af sjávarútvegi og fiskeldi. Skýrslan lögð fram og umræðu um hana vísað til Sjávarútvegsfundar 2022.

2. Sjávarútvegsfundur 2022 - 2111001SU

Tillaga að dagskrá Sjávarútvegsfundar lögð fram.

Drög að dagskrá lögð fram. Dagskrá staðfest af hálfu stjórnar og verður send út með fundarboði.

3. Starfsemi sláturskipa - 2111003SU

Erindi frá Hafnasambandi Íslands vegna sláturskipa var lagt fram til kynningar á stjórnarfundi 13. desember 2021 og þá ákveðið að taka til umfjöllunar á næsta fundi.

Erindi frá Hafnasambandi lagt fram öðru sinni. Stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga tekur undir bókun Hafnasambandsins og leggur þunga áherslu á að starfsemi og notkun sláturskipa í fiskeldi sé skýrð og sett um hana ákvæði í lög og reglugerðir.

Baldur Smári Einarsson vék af fundi undir dagskrárlið um starfsemi sláturskipa vegna hagsmunatengsla.

Fundi var slitið kl. 09:30

Rebekka Hilmarsdóttir

Baldur Smári Einarsson

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson

Matthildur Ásmundardóttir

Gauti Jóhannesson

Njáll Ragnarsson